



HÉR GETUR Á AÐ LÍTA HVERNIG
UNNIÐ VERÐUR Í HULDUHEIMUM
MEÐ FJÖGUR NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLA



VOR 2016

Heilbrigði og velferð

Heilbrigði og velferð er flókið samspil milli einstaklings og umhverfis og byggir í senn á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Stór hluti félagsmótunar hjá börnum fer fram í skólum. Efling sjálfsmyndar og ræktun góðra samskipti við aðra fellur undir félagsmótun. Í skólum gefst tækifæri til að efla líkamlegt hreysti nemenda, það er meðal annars gert með því að móta með þeim jákvætt viðhorf til útiveru og hreyfingar, heilnæmra lífshátta og hollrar næringar. Með almennri menntun getum við dregið úr aðstöðumun barna og leitast við að tryggja öllum tækifæri til þroska og góðra heilsu.

Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, t.a.m. hvort það hefur trú á eigin hæfni, er áhugasamt og sýnir vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að starfsfólk leikskóla myndi góð og nán tengsl við börnin.

Markmið:

- Að börnin öðlist heilbrigða sjálfsmynd.
- Að börnin séu fær um að sýna samkennd.
- Að börnin aðhyllist heilbrigt mataræði.
- Að börnin móti með sér jákvætt viðhorf til hreyfingar og njóti krefjandi viðfangsefna, jafnt úti sem inni.
- Að börnin séu fær um að sjá um persónulega umhirðu sína.
- Að samskipti barnanna einkennist af virðingu og þau njóti félagslegra tengsla.
- Að börnin fái tækifæri til að hvíla sig og slaka á.
- Að börnin fái tækifæri til að upplifa umhverfi sitt.

Leiðir:

- Börnin eru hvött til að takast á við krefjandi verkefni. Börnin fá þjálfun í að nýta mismunandi hæfileika sína, vinna með öðrum og taka tillit til samnemenda.
- Börnunum er hrósað fyrir það sem þau gera vel.
- Börnin fræðast um fjölmenningu og margbreytileika. Styrkleiki samfélagsins felst í fjölbreytni, það er í lagi að vera ólíkur öðrum.
- Börnunum stendur til boða hollt og fjölbreytt fæði og þau eru hvött til að smakka allan mat.
- Börnin læra að þekkja mun á hollum og óhollum mat.
- Farið í gönguferðir og markvissa hreyfingu bæði innan og utan skólans.
- Sett eru upp heilsueflandi hvatning vikur fyrir börn og starfsfólk.
- Börnunum er kennt mikilvægi hreinlætis og að ganga vel um eigur sínar.
- Börnin eru hvött til að tjá sig í daglegu starfi og þjálfast í að koma fram fyrir aðra.
- Hvíldar- og slökunarstundir eru daglega í skólanum.

- Að börnin gera hugtakakort, t.d. þegar það á að setja upp einhverjar ákveðnar vikur, þá koma þau með hugmyndir af því hvað sé hægt að gera og hvað þau vilja leggja áherslu á.
- Kennarar fá börn til að fara með sér í skoðunarferðir um skólann og segja frá hvað þeim finnst markvert, á þann hátt skyggnumst við inn í þeirra hugarheim.

Mat:

- Skráningar: myndbönd, ljósmyndir, skriflegar skráningar, námssöguskráningar, skráningar byggðar á verkum barnanna.
- Samtöl/samræður meðal barnanna. Fá þau til segja frá um upplifun sinni á því sem fram fer í skólanum og/eða hvað þau vilji læra í skólanum. Rýnihópar meðal barnanna. Rýnihóparnir geta komið sér saman um hvernig eigi að útfæra ákveðin verkefni. Lausnaleyti meðal barnanna á hinum ýmsu málum.

Sjálfbærni og vísindi

Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa; náttúru og umhverfi; lýðræði, mannréttindum og réttlæti; jafnrétti og fjölmenningu; velferð og heilbrigði; og efnahagsþróun og framtíðar-sýn.

Í sjálfbærnimenntun felst einnig að börn og ungmenni takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni. Kennsla og starfshættir innan skólans skulu fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Í því felst þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og því að stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að börnin og ungmennin taki þátt í samfélaginu. Skilningur á eigin vistspori, vistspori samfélaga og þjóða stuðlar að sjálfbærri þróun og hófsemi. Neytendafræðsla og fjármálalæsi eru því mikilvæg forsenda þess að geta metið þarfir okkar í nútíð og framtíð.

Markmið:

- Að barnið læri að umgangast náttúruna og umhverfið af virðingu og sýni ábyrgðarkennd og átti sig á að það sé hluti af heild.
- Að barnið upplifi náttúruna og læri að meta hana.
- Að barnið fræðist um hringrásir náttúrunnar og fyrirbæri hennar.
- Að barnið læri að nýta auðlindir náttúrunnar með hófsemi að leiðarljósi.
- Að barnið rannsaki, uppgötvi og geri tilraunir sem eykur skilning þess á ýmsum þáttum tilverunnar og efli sköpunargleði sína.
- Að börnin verði meðvituð um umhverfisvernd t.d. endurvinnslu, flokkun og matarsóun.

„Ég er hluti af heild“

„Enginn getur gert allt, en allir geta gert eitthvað“

Leiðir:

- Kennarinn, sem fyrirmynd sýnir jákvætt viðhorf gagnvart náttúru og veðurfari og nýtir tækifæri sem gefast til fræðslu, leikja og tilrauna.
- Farið er í vettvangsferðir, s.s. fjöruferðir, skógarferðir ofl.
- Þemavikur tengdar umhverfinu eru í skólanum, s.s. hreinsunaryrika, dýravika, tilraunavika, umferðafræðsluvika ofl.
- Fræðsla til barnanna um endurnýtingu og flokkun, s.s. fara með rusl á flokkunarstöð eða gáma í nágrenninu.
- Uppsetning á myndrænu kerfi inn á deildum sem sýnir börnunum veðurfar og hvernig er besta að klæða sig í samræmi við það.
- Náttúrulegur efniviður og annað sem finnst í umhverfinu er nýtt til leikja og skapandi starfs með börnunum.

- Kennarar styðjast við bækur, söngva og annað fræðsluefni sem tengist sjálfbærni og vísindum.
- Börnunum er kennt að flokka sorp og fá fræðslu um matarsóun og umhverfisvernd.

Mat:

- Markvissar samræður við börnin, einslega og/eða í hóp. Niðurstöður skráðar í upphafi og lok vetrarstarfs.
- Gátlistar/matsblöð sem meta getu og þekkingu barnanna á sjálfbærni og vísindum útbúnir. Notaðir fyrir og eftir innlögn efnis.
- Rýnihópar, umræður um sjálfbærni, umhverfisvernd og vísindi.
- Hugtakakort í byrjun starfs og svo aftur þegar unnið hefur verið með ákveðið þema einhvern tíma.
- Ljósmynda- og myndbandaskráningar. Fylgjast með hvernig börnin upplifa náttúruna.
- Ýmis hjálpargögn útbúin vegna mats, s.s. veðurkerfi, flokkunarkerfi og fleira.
- Foreldrar beðnir um upplýsingar að heiman, hvort fræðslan skili sér til barnanna. Kennarar halda skráningar um það.

Læsi og samskipti

Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og gildum. Læsi krefst skriffæra, efnis til að skrifa á og miðils, t.d. bókar, til að koma ritsmíðinni á framfæri og snýst því að hluta til um tæknimiðla og verkkunnáttu.

Tölvur og stafræn samskiptatæki teljast víða ómissandi þáttur í daglegu lífi fólks, heima jafnt sem á vinnustað, og þykja orðið sjálfsgöð verkfæri í skólastarfi. Þar skiptir það höfuðmáli að tölvurnar eru ekki aðeins öflug ritvinnslu- eða reikningsverkfæri heldur tól sem má nota til fjölþættrar merkingarsköpunar, t.d. með notkun myndmáls. Nemendur og kennarar þurfa því ekki að binda sig við prentmálið heldur býður tölvutækni upp á að þeir noti fleiri mál við nám og kennslu. Þótt þeim verkfærum, sem nota má í skólastarfi hafi fjölgað, dregur það þó engan veginn úr mikilvægi ritunar og lesturs í hefðbundnum skilningi. Sem fyrr skiptir það miklu máli að börn nái tökum á tiltekinni lestrar- og ritunartækni en athyglin beinist nú jafnframt að allri þeirri tækni sem nemendur geta notað í samskiptum, námi og merkingarsköpun – í þágu sjálfra sín og samfélagsins.

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

Markmið:

- Að börnin efli málþroska sinn í leik og starfi í hvetjandi námsumhverfi.
- Að börnin sýni virðingu og eigi jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum.
- Að börnin nýti sköpunargleði sýna og tjái sig með fjölbreyttum hætti.
- Að börnin kynnist tungumálinu og möguleikum þess.
- Að börnin njóti þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri.
- Að börnin læri að nýta sér ritað mál og tákni í umhverfinu.
- Að börnin geti deilt skoðunum sínum og hugmyndum.

Leiðir:

- Kennarar leggja sig fram um að vera góðar málfyrirmyndir, vanda málfar sitt og leitast við að tala fallett íslenskt mál.
- Kennarar veita því athygli sem börnin hafa að segja og grípi hvert tækifæri til samskipta og vangaveltna.
- Kennarar vekja athygli barna á ritmáli og táknum í umhverfinu. Áhersla á sjónrænt skipulag.
- Áhersla er lögð á lestur og sýnileika ritmálsins.
- Unnið er með orð og hugtök gegnum leik og spil.

- Markviss umræða er í skólanum um dygðir og börnin hvött til að nota málið til samskipta.
- Notaður er fjölbreyttur efniviður og leiðir til tjáningar.
- Áhersla er á að kenna söng, takt, þulur og vísur.

Mat:

- Öll börn fara í Hljóm2 próf að hausti síðasta vetrar leikskólagöngu.
- TRAS, skráningarlisti á mál- og félagsþroska 2-5 ára barna notaður með snemmtæka íhlutun í huga.
- Ferilmappa sem endurspeglar námsferil barnanna.
- Ýmis konar skráningar (myndbandsskráningar, myndaskráningar, skriflegar skráningar, uppeldisfræðilegar skráningar, námssögur).
- Huglægt mat – Vangaveltur og samræður milli kennara.
- Læsisþrepin sem unnin voru af MSHA og leikskólunum eru notuð til viðmiðunar.

Sköpun og menning

Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Gagnrýnin hugsun er lykilþáttur í læsi og sköpun og fléttast saman við hlutverk gagnrýninnar hugsunar í lýðræði. Í sköpuninni felst hagnýting hugmynda og mótun viðhorfa, gildismats og hæfni. Vinnubrögð í listsköpun og vísindum einkennast oft af sköpunargleði, frumkvæði og frumleika. Þannig vinnubrögð er æskilegt að sjá í öllu námi og öllu námi og skólasterfi. Sköpun snýst ekki eingöngu um nýtt og frumlegt heldur og hagnýtingu þess sem fyrir er. Hún snýst þannig um lausnir viðfangsefna og leit að nýjum möguleikum. Þetta fléttast vel saman við menntun til sjálfbærni og læsi í víðum skilningi.

Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild. Sköpun er mikilvægur grunnur að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn, taka þátt í mótun lýðræðissamfélags og skapa sér hlutverk innan þess.

Markmið:

- Að börnin njóti þess að taka þátt í skapandi ferli og finni til sköpunargleði í eigin verkum
- Að börnin vinni með fjölbreyttan efnivið og tækni
- Að auka víðsýni barna á menningu og list.
- Að börnin taki virkan þátt í að móta menningu skólans
- Að börnin öðlist hugrekki til að skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu.

Leiðir:

- Börnin fá notið verka sinna og annarra með því að gera verk þeirra sýnileg og kenna þeim að bera virðingu fyrir verkum annarra og ólíkri menningu.
- Börnin fá tækifæri til þess að koma með sínar eigin hugmyndir og vinna útfrá þeim.
- Börnin hafa aðgang að hefðbundnum og óhefðbundnum efnivið til hvers kyns sköpunar.
- Börnin taka þátt í og fara á hátíðir og viðburði sem tengjast barnamenningu bæði innan og utan skólans.
- Börnin fari á listasýningar og aðra menningarviðburði sem boðið er upp á í samfélaginu.
- Börnin kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum og læra söngtexta.

Mat:

- Fullorðnir hafa frumkvæði af skráningu, en börnin eru virk í skráningarferlinu sem unnið verður með t.d. myndaskráningum, skriflegum skráningum og samtölum

Mat á starfsháttum kennara

- Reglulegt sjálfsmat kennara , hver og einn kennari fer yfir það hvernig hann sinnir hverjum grunnþætti fyrir sig. Deildir geta rætt saman og metið starf deildarinnar með tilliti til grunnþáttanna.
- Setja skráningar barnanna í ferilmöppuna svo aðrir kennarar geti séð hvaða þekkingu þau hafa tileinkað sér og byggt ofan á til að ná samfellu í námi þeirra.